

# Ársskýrsla 2021

KNATTSPYRNUFÉLAGIÐ HÖRÐUR





## Efnisyfirlit

Skýrsla aðalstjórnar.....	2
Meistaraflokkur Harðar í handbolta .....	3
Barnastarf Harðar í handbolta .....	4
Knattspyrnudeild Harðar.....	4
Glímudeild Harðar.....	5



## Skýrsla aðalstjórnar

Kæru Harðarmenn og konur. Árið hefur verið erfitt fyrir okkur með miklum breytingum. Við höfum þurft að taka stórar ákvarðanir og taka til í öllum rekstri félagsins. Eins og hjá öðrum félögum hefur rekstur seinustu 2 árin verið félaginu erfiður. Okkar stærsta fjáröflun, 5. flokkar mót í handbolta, þar sem á bilinu 300-400 krakkar hafa komið til Ísafjarðar til þess að spila handbolta, hefur fallið niður seinustu tvö árin vegna samkomutakmarkana. Þetta mót skilaði félaginu að öllu jöfnu miklum tekjum þar sem við reyndum að halda mótið með styrkjum og mikilli sjálfbóðaliðavinnu.

Það hefur verið mikil breyting á stjórn félagsins en Salmar Már Salmarsson bað um að stíga til hliðar og tók Óli Björn Vilhjálmsson, þáverandi varaformaður við félaginu.

Ragnar Heiðar Sigtryggson var ráðinn framkvæmdastjóri félagsins í September 2021 og sinnti því hlutverki út árið 2021. Stuttu síðar óskaði Óli Björn eftir því að stíga til hliðar þar sem hann hafði því miður ekki tíma til þess að sinna stjórn félagsins ásamt því að vera fyrirliði liðsins og tók þá Vigdís Pála Halldórsdóttir við sem formaður félagsins.

Haustið 2021 eftir að Vigdís tók við sem formaður fór stjórn að hittast á reglulegum fundum. Ásamt Vigdís er Skúli Norðfjörð gjaldkeri, Þráinn Ágúst Arnaldsson ritari, Anton Freyr Traustason og Gísli Jón Kristjánsson í stjórn.

Við erum virkilega stolt af því að hafa tekist þrátt fyrir erfiðleika í rekstri að halda áfram að bjóða uppá allar æfingar félagsins frítt. Einnig var ekkert rukkað inná heimaleiki hjá félaginu. Þetta telur stjórn vera mikilvægt í að byggja upp handbolta hér á Ísafirði. Annarsvegar með því að fá börn til þess að æfa með okkur og hinsvegar með því að fá sem flesta til þess að mæta á leiki og byggja þannig upp skemmtilega stemmningu í kringum leiki.

Það er óhætt að segja að þrátt fyrir erfiðleika þá höldum við áfram að gera betur og var þetta okkar flottasta ár hingað til. Uppbyggingin er að skila sér og við eigum virkilega flott handboltafólk á öllum aldri.

### *Þjálfaramál*

Carlos Martin Santos var áfram þjálfari hjá okkur í handknattleiksdeild. Hann hefur hjálpað okkur gríðarlega í þeirri uppbyggingu sem er að eiga sér stað í handboltanum hér á Ísafjarðarbæ. Anton Freyr Traustason var aðstoðarþjálfari í meistaraflokki og Ásgeir Óli Kristjánsson var þjálfari í 7. og 8. flokki ásamt Carlosi.



## Meistaraflokkur Harðar í handbolta

Eftirtaldir voru leikmenn í meistaraflokki félagsins:

### 2020-2021

Rolands Lebedevs	Markmaður
Stefán Freyr Jónsson	Markmaður
Sudario Eidur Carneiro	
Guntis Pilpuks	
Tadeo Salduna	
Óli Björn Vilhjálmsson	Fyrirliði
Axel Sveinsson	
Práinn Ágúst Arnaldsson	
Ásgeir Óli Kristjánsson	
Daníel Wale Adeleye	
Jón Ómar Gíslason	
Raivis Gorbunovs	
Endiys Kusners	
Aleksa Stevanovic	
Anton Freyr Traustason	
Elías Ari Guðjónsson	
Sigurður Óli Rúnarsson	
Arnar Rafnsson	
Gísli Jörgen Gíslason	
Hreinn Róbert Hreinsson	
Njáll Gunnarsson	
Þorsteinn Sæmundsson	
Matthias Kokorsch	Markmaður

### 2021-2022

Rolands Lebedevs	Markmaður
Stefán Freyr Jónsson	Markmaður
Sudario Eidur Carneiro	
Guntis Pilpuks	
Tadeo Salduna	
Óli Björn Vilhjálmsson	Fyrirliði
Axel Sveinsson	
Práinn Ágúst Arnaldsson	
Ásgeir Óli Kristjánsson	
Daníel Wale Adeleye	
Jón Ómar Gíslason	
Levente Morvai	
Endiys Kusners	
Elías Ari Guðjónsson	
Suguru Hikawa	
Kenya Kasahara	
Mikel Amilibia	



Vorið 2021 voru 6 erlendir leikmenn hjá okkur. 4 frá Lettlandi, 1 frá Serbíu og 1 frá Argentínu. Þeir höfðu aðsetur á vistinni hjá Menntaskóla Ísafjarðar.

Um haustið breyttist leikmannahópurinn töluvert. Við vorum með 3 frá Lettlandi, 1 frá Argentínu, 1 frá ungverjalandi, 1 frá Spáni og 2 frá Japan. Það var tekin ákvörðun um áramótin



að Levente Morvai frá Ungverjalandi fengi ekki áframhaldandi samning hjá okkur. Til þess að reyna að halda öllum kostnaði í lágmarki var tekin sú ákvörðun um haustið að finna húsnæði fyrir alla hjá sjálfboðaliðum félagsins og bjuggu því strákarnir mjög þétt.

Veturinn 2020-2021 keppti meistaraflokkur í Grill 66 deild karla og endaði þar í 8 sæti. Harðarmenn sigruðu 5 leiki, jöfnuðu í einum og töpuðu 12 leikjum. Þeir skoruðu 514 mörk og enduðu með 11 stig. Þeir fóru í umspil um sæti í Olísdeildinni og kepptu í virkilega spennandi leikjum á móti Víkingi en Víkingur hafði betur.

Veturinn 2021-2022 keppti meistaraflokkur aftur í Grill 66 deild karla og sigraði deildina og munu því keppa næsta tímabil í efstu deild, Olísdeild karla.

Að taka þátt í þessum deildum þýðir mikill kostnaður við ferðalög. Við kepptum leiki á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri, Selfossi og á Blönduósi á síðasta tímabili. Samtals voru þetta 17 leikir sem við keyrðum á.

Þegar við gátum æft voru æfingar vel sóttar sem skilaði okkar besta árangri hingað til. Reglulega hittust „Hörður Old Boys“ og tóku æfingar með meistaraflokki.

## Barnastarf Harðar í handbolta

Umsjónarmenn barnastarfsins eru Bragi Rúnar Axelsson og Skúli Norðfjörð.

Hjá okkur er starfandi 5 yngri flokkar. Í þessum 5 yngri flokkum eigum við 8 unglingalandsliðsmenn á síðasta ári. Helst ber að nefna þátttöku Sudario Carneiro í undir 18 ára landsliðsstarfi Íslands. Hann hefur spilað stórt hlutverk í liðinu í vetur og erum við virkilega stolt af honum.

Á síðasta ári var farið á 14 mót, spilað 72 leiki þar sem sigur var í 68 leikjum. Þetta sýnir okkur að við eigum frábært handboltafólk hér á Ísafirði og framtíðin er björt!

## Knattspyrnudeild Harðar

Knattspyrnudeild Harðar tók þátt í 4. deild Íslandsmótsins í knattspyrnu á vegum KSÍ sumarið 2021.

Á undirbúningstímabilinu höfðu einnig verið leiknir 4 leikir í lengjubikar KSÍ, og einn leikur í Mjólkurbikar karla. Lengjubikarinn var spilaður í mars, þar sem átti að spila 4 leiki samtals, en lék liðið einungis 2 þeirra þar sem seinni ferðin var blásin af, líkt og mótið sjálft vegna C19.

Liðið lék í kjölfarið við 1. deildarlið Fram í Mjólkurbikarnum sem gaf ungu liði Harðverja gríðarlega reynslu, þrátt fyrir óþarflega stórt tap.

Liðið hóf leik í C riðli 4. deildar karla í lok Maí, og þjálfari liðsins, Axel Sveinsson var búinn að skapa gott jafnvægi í leik liðsins, og með blöndu af ungum og mjög efnilegum leikmönnum ásamt reyndari eldri mönnum var liðið í toppbaráttu allt þar til í þriðju síðustu umferð er liðið lék hálfgerðan úrslitaleik við Álftanes á útivelli sem tapaðist naumt. Að lokum endaði liðið í 4. sæti með 34 stig, en Álftanes vann riðilinn með 41 stigi, og liðið sem fylgdi þeim var með 38 stig.

Hörkuspennandi sumar, sem endaði of snemma.



Af leikmannamálum má nefna það að á undirbúningstímabili hjá Vestra hefur komið fram á sjónarsviðið leikmaður fæddur 2005 sem verður í leikmannahópi Vestra í sumar, og fékk einn leikmaður fæddur 2004 félagsskipti erlendis í Rosenborg í Noregi, báðir leikmenn voru algjörir lykilmenn hjá liðinu.

Þjálfari liðsins, hann Axel Sveinsson er öllum Harðverjum kunnur, en lengi vel lék hann sem fyrirliði, og hefur margoft verið kosinn leikmaður ársins. Einnig hefur hann tekið að sér stórt hlutverk hjá handboltadeildinni.

Ásamt því að vera með lið í meistaraflokki tefldi knattspyrnudeildin einnig fram sameiginlegu liði í 2.flokki karla með Vestra, sem þjálfað var af þjálfara frá Vestra honum Margeiri Ingólfssyni.

Stjórn skipa Sigbór Snorrason(formaður), Hannes Haraldsson (gjaldkeri), Sigurður Óskarsson og Sveinn Ingi Guðbjörnsson (stjórnarmenn). Á haustmánuðum tókum við inn nýjann stjórnarmann, hann Magna Prastarson.

Undirbúningsvinna við nýtt tímabil er í fullum gangi, þar sem stefnt er að spila í nýjum búningum, en sú vinna er enn í fullum gangi.

### Glímudeild Harðar

Glímudeild Harðar hefur verið í miklum dvala undanfarin ca. 2 ára sökum heimsfaraldursins. En nú á vordögum var farið aftur af stað en mjög varlega þar sem mikil námd er í þessari íþrótt. Hefur stjórn glímudeildarinnar verið að vinna að útfærslu fyrir bara-glímu sem stefnt er að byrja með næsta vetur. Mikil eftir vænting er hjá stjórn glímudeildarinnar með að geta farið á fullt með óskerta starfsemi og hefja æfingar af fullum krafti.

Þjálfari er Daníel Örn Davíðsson

Stjórn: Eiríkur Gísli Johansson, Daníel Örn Davíðsson og Sigurður Óli Rúnarsson